

# FUNDARGERÐ

## 140. stjórnarfundur KRAFT

140. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á Zoom 30. mars 2022, kl. 20.15.

Fundarmenn : Gry, Hinrik, Aron Ingi, Auðunn og Laufey  
Fjarverandi : Rúnar og Þórunn  
Fundarritari : Laufey

### 1. SÍÐASTA MÓT

Umræða um tímasetningar á síðasta móti þar sem keppnin var haldin á föstudagskvöldi og á laugardegi. Auðunn hafði heyrt í mörgum. Áhorfendafjöldi á föstudagskvöldi var góður og mikil stemning. Hins vegar var það þeirra skoðun sem kepptu á föstudagskvöldinu að þeir hefðu viljað keppa á laugardegi. Auðunn benti réttilega á að á alþjóðlegum mótum eru keppnir oft á óþægilegum tíma dags. Meiri sátt er með mót á laugardag og sunnudag en hins vegar þarf að vera opið fyrir að geta notað föstudaga ef þess þarf.

Búið er að ganga frá öllum útistandandi greiðslum vegna mótsins.

### 2. AFREKSSJÓÐUR

Aron Ingi hefur verið í sambandi við Birnu hjá ASJ og mun funda með henni á næstunni. Hinrik mætir einnig á fundinn til að skrifa undir.

### 3. NÆSTU MÓT

ÍM í bekkpressu og klassískri bekkpressu verður haldið af LFK í Kópavogi. Skráningu lýkur 2. apríl.

Kraftlyftingamót ÍF verður haldið á Selfossi 14.maí. Vigtun kl.11 og keppni hefst kl.13. Lára er tengiliður.

### 4. ÚKRAÍNA

IPF hefur biðlað til aðildarsambanda að styrkja sjóð sem IPF hefur stofnað til styrktar úkraínska kraftlyftingasambandinu og iðkendum þess. Stjórn samþykkti að styrkja um 1000 evrur, styrkja úkraínska kraftlyftingasambandið

## 5. ALPJÓÐAMÓT

Gjaldkeri er byrjaður að fá til sín flugmiða til greiðslu vegna næstu móta. Hinrik fer væntanlega út sem aðstoðarþjálfi á HM. Auðunn og Lára munu sitja EPF þingið. María Guðsteins mun fara út sem þjálfara með Matthildi og Alexandreu til Kazaksthan.

## 6. KA

Stjórn barst erindi frá nýstofnaðri lyftingadeild KA um vaxtalaust lán til tækjakaupa. Stjórn telur ekki hægt að verða við þessu en ítrekar að stjórn er tilbúin að hjálpa lyftingadeild KA á einhvern annan hátt. Aron Ingi sendir bréf á KA og fylgir eftir með símtali við formann lyftingadeildar.

## 7. ÞJÓÐARLEIKVANGUR

Nýjustu fréttir um að þjóðarleikvangar voru ekki inn á nýjustu fjárhagsáætlun (<https://www.isi.is/frettir/frett/2022/03/31/Alyktun-vegna-umraedu-um-thjodarleikvanga/>). Með glænýrri aðstöðu lyftingadeildar Stjórnunnar í Miðgarði í Garðabæ skapast tækifæri til að KRAFT eignist þjóðarleikvang. Ef ráðuneyti íþróttamála kæmi með ákveðinn stofnkostnað inn í verkefnið myndi það hjálpa til við samningaviðræður við Garðabæ. Hinrik heyrir í aðstoðarmanni íþróttamálaráðherra.

## 8. STARFSSKÝRSLA

Klára þarf starfsskýrslu til að skila inn til ÍSÍ þ.m.t. skráningar í Sportabler. Gry mun senda á Aron Inga bréfið frá ÍSÍ sem þarf að fylla út. Lára mun senda á alla formenn félaga þar sem þeir þurfa að skrá sína félagsmenn í tölvukerfið.

## 9. LANDSLIÐSBÚNINGAR

Við val á landsliðsbúningum hefur það háð valinu vöntun á númerastærðum. Henson hefur hannað týpu sem verður gerð þrúfa. Jói Útherji er einnig kominn með sýnishorn sem Lára nálgast.

## 10. HANDBÓKIN

Stjórn lagði blessun sína yfir hana. Gry setur hana í loftið. Bætir við formúlu Helga Hauks um tímalengdir á keppnum.

## 11. ÖNNUR MÁL

### LÁGMARKSPYNGDIR

Umræða hafði verið á spjallþræði stjórnar um síðasta ÍM þar sem tveir keppendur einblíndu á bekkpressu og tóku þ.a.l. þyngdir í hnébeygju og réttstöðulyftu sem voru langt undir getu (eða Bona Fide attempt skv. IPF). Í framhaldi af þessu spjalli tók Laufey þessa umræðu upp á spjallþræði dómara nefndar. Þar varð sátt um að keppendur verði að taka að lágmarki líkamspyngd í hnébeygju og réttstöðulyftu.

Stjórn samþykkti að Laufey hafi samband við dómara nefndina og fái skriflegt álit frá henni um hvort það eigi að vera lágmark og hvar sú regla eigi heima.

### STYRKARAÐILAR

Vera með 1-2 styrkaraðila fyrir árslok. Nýir landsliðsbúningar í pípunum og því gott tækifæri fyrir styrkaraðila að setja merki sitt á búninginn. Eftirfarandi samþykkt :

1. Fá leiðbeiningar frá ÍSÍ (Gry / Lára)
2. Heyra í kunningjum eða öðrum sem hafa reynslu af markaðsmálum
3. Setja saman fyrirtækjalista (stjórnin)
4. Búa til hugmyndir um pakka, hvað við seljum og fyrir hve mikið

Vegna liða 3. og 4 mun Gry útbúa Google Doc skjal fyrir stjórnina að vinna í.

### FRÆDSLUDAGUR

Lára og Auðunn eru að undirbúa fræðsludag fyrir landsliðsfólk. Lára hefur heyrt í fólki og hljómar að mikill áhugi sé á að heyra um næringu og andlega heilsu. Birna Varðardóttir kraftlyftingakona úr Mosó sem er doktorsnemi og aðjúnkt við deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda hjá HÍ er kominn á lista yfir fyrirlesara.

### ÞJÁLFAFNÁMSKEIÐ

Næsta námskeið verður í maí.

### STJARNAN

Hinrik bauð stjórn í skoðunarferð um nýja lyftingaaðstöðu deildarinnar í Miðgarði. Hittingur fimmtudaginn 7. apríl kl.17.00.

## 12. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

## 13. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.50